

52 sem gildi á Íslandi, sje ekkert því til fyrirstöðu, að útlend fiskiskip komi á löggildar 17. marz. hafnir á Íslandi, til þess að flytja veiði sína þar í land og selja hana kaupmönnum þeim, sem þar búa, en að sú skylda hvíli á skipstjóra samkvæmt analogíu laga 17. des. 1875 að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra eða hreppstjóra frá komu sinni áður liðnar sjeu 24 stundir frá því skipið lagðist á höfn, og skoðar svo lögreglustjóri eða hreppstjóri skjöl skipsins og hefir eptirlit með, að eigi sje farið í kringum verzlunar- og tolllög landsins eða þau brotin, en fyrir eptirlit þetta beri að greiða hlutaðeigandi yfirvaldi þóknun, sem nákvæmar sje tiltekin í nefndum lögum.

53 *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu árgjalda frá einu*
18. apríl *prestakalli til annars.* — Í þóknanlegu brjefi, dags. 7. febr. þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, látið í ljósi álit yðar um, hvernig því skuli komið í kring, að fá framgengt ákvörðuninni í 3. gr. laga 27. febr. 1880, um að gjald það, sem samkvæmt 1. gr. á að greiða frá einu prestakalli til annars, skuli sem mest greiða með fasteignum eða afgangi fasteigna, en fjárlögin fyrir 1886 og 1887 5. gr. 1. og 13. gr. A b. 1. ætlast til að þessi ákvörðun verði framkvæmd. Þegar þjer í þessu skyni voruð búinn að láta stiptsyfirvöldin útvega yður skýrslur frá prófastsdæmunum bæði um jarðeignir prestakalla þeirra, sem árgjald á að greiðast frá, og um afrakstur af hverri þessara jarðeigna fyrir sig eptir meðaltali 5 hin síðustu ár, hafið þjer komið fram með ýmsar tillögur, sem eru byggðar á þessum skýrslum prófastanna og uppástungum stiptsyfirvaldanna. Tillögur yðar ná þó eigi til allra prestakalla þeirra, sem hjer eiga hlut að máli, þar sem þau prestaköll, sem lögin 27. febr. 1880 enn ekki hafa orðið framkvæmd í, eru eðlilega ekki tekin með, og auk þess vantar enn skýrslur um fáein prestaköll, sem þjer síðar ætlið að koma fram með tillögur um. Enn fremur hafið þjer tekið það fram, að hvorki sje það tilgangur laganna, að árgjalðið skuli skilyrðislaust greitt með fasteignum eða afgangi fasteigna, nje heldur eigi eða geti slíkt átt alstaðar heima, en að skilyrðin fyrir því hljóti að vera:

- 1., að prestakall það, sem gjald á að greiðast frá, eigi fasteignir, sem taka má undan umráðum prestsins og sem afgangið af hrökkvi fyrir gjaldinu af brauðinu;
- 2., að jarðeignir þessar sjeu svo, að telja megi með nokkurn veginn vissu, að þær gefi jafnmikið af sjer hjer eptir eins og hingað til, og þannig geti jarðir þær, sem liggja undir skemmdum, eigi komið til greina;
- 3., að prestakall það, sem taka á við gjaldinu, sje svo nærri, að hentugt sje að leggja til þess fasteignirnar.

Svo hafið þjer og vakið athygli á því, að gjald frá einu prestakalli til annars stundum geti greiðst með öðru en jarða-afgjöldum, t. d. með prestsmötu frá annexú-kirkjum eða fyrverandi klaustrum eða með vöxtum af innstæðu prestakallsins.

Með þessum athugasemdum og eptir að þjer síðan hafið farið yfir og látið í ljósi álit yðar um hvert einstakt prestakall, sem gjald á að greiða af, hafið þjer komið fram með tillögur yðar um, að framkvæma ofangreinda ráðstöfun á þann hátt, sem síðar segir, að því er snertir þessi 7 prestaköll:

1. Saurbær á Hvalfjarðarströnd í Borgarfjarðarprófastsdæmi. Þaðan eiga að greiðast 300 kr., og er lagt til, að þær greiðist Lundar prestakalli í sama prófastsdæmi með þessum jarðaafgjöldum:

1, Arkarlækur,	afgjald á ári .	kr. 74,40
2, Staðarhöfði	— - — .	— 39,24
3, Skálatangi hálfur	— - — .	— 19,62
4, Iðunnarstaðir	— - — .	— 78,06
5, England	— - — .	— 87,35
		<u>alls kr. 298,67</u>

53

18. apríl

en að sú 1 kr. 33 a., sem á vantar, skuli greidd með vöxtum af innstæðu prestakallsins, sem biskup hefir undir höndum.

2. Vatnsfjörður í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi. Þaðan eiga að greiðast 100 kr., sem lagt er til að greiddar verði prestakallinu Kirkjubólspingum og Stað á Snæfjallaströnd í sama prófastsdæmi, sem á að fá 200 kr. uppbót, með afgjöldum af jörðinni Svansvík kr. 106,28, þannig, að þær kr. 6,28, sem umfram eru, endurborgist Vatnsfjarðarprestakalli af þeim hluta af uppbótinni til Kirkjubólspinga og Staðar á Snæfjallaströnd, sem greiddur verður úr landssjóði.

3. Þingeyraklaustur í Húnavatns prófastsdæmi. Þaðan á að greiða 300 kr., sem stungið er upp á að haldið sje eptir af prestsmötu þeirri, sem prestakallinu ber af Þingeyraklaustursumboði, og að umboðsmaðurinn greiði upphæð þessa Hofis prestakalli í sama prófastsdæmi, sem á að fá 300 kr. uppbót.

4. Reynistaðar prestakall í Skagafjarðar prófastsdæmi. Þaðan á að greiða 300 kr., sem lagt er til að haldið sje eptir af prestsmötu þeirri, sem prestakallinu ber af Reynistaðaklaustursumboði og greiðist Ríp prestakalli í sama prófastsdæmi, sem á að fá 300 kr. uppbót.

5. Valla prestakall í Eyjafjarðar prófastsdæmi. Gjaldið, 200 kr., er lagt til að greiðist Kvíabekkkjar prestakalli í sama prófastsdæmi, sem á að fá 200 kr. uppbót, með afgjöldum af jörðunum:

1. Selá í Arnarneshrepp . . .	kr. 56,00
2. Birnunesi	— 50,10
3. Hverhól í Vallahrepp . . .	— 39,30
4. Kónsstöðum	— 55,50
	<u>= kr. 200,90</u>

6. Grundarþinga prestakall í sama prófastsdæmi. Gjaldið, 50 kr., er lagt til að greiðist með þriðjungnum af prestsmötu þeirri, sem prestakallinu ber af Grundarkirkju, og lúkið Akureyrarprestakalli í sama prófastsdæmi, sem á að fá 300 kr. uppbót, og

7. Saurbæjar prestakall í sama prófastsdæmi. Gjaldið, 250 kr., er lagt til að greitt verði Akureyrar prestakalli, sem þannig fær fulla uppbót sína, með:

1, afgjöldum af kirkjújörðinni Hálsi	kr. 106,32
2, prestsmötu af Möðruvallakirkju	— 136,80
3, andvirði úr landssjóði fyrir seld kirkjukúgildi tilheyrandi prestakallinu —	6,88
	<u>= kr. 250,00</u>

Að því er snertir hin önnur prestaköll, hafið þjer, samkvæmt þeim almennu athugasemdum, sem þjer hafið tekið fram, sumpart geymt yður rjett til síðar að koma fram með tillögur þeim viðvíkjandi, og sumpart ráðið algjörlega frá, að reynt verði að beita lagaákvörðun þeirri, sem hjer er um að ræða.

Í öllu því, sem að framan er ritað, er ráðgjafinn samdóma yður, herra landshöfðingi, en þó að svo megi líta á, sem næg heimild sje veitt í 3. gr. laga 27. febr.

53 1880 til þess að leggja jarðir eða jardaafgjöld frá prestakalli, sem árgjald á að greiða af, til annars sem uppbót á að fá, þá hefur samt verið talið rjettast að leita konungsheimildar til að samþykkja tillögur yðar í heild þeirra, með tilliti til þess, að konungsúrskurður hefur hingað til verið álitinn nauðsynlegur til þess að samþykkja jöfnun á tekjum prestakallanna, og auk þess hlýtur slíkur úrskurður að vera nauðsynlegur, hvernig sem á er litið, til þess að prestsmata eða vextir af innstæðu verði flutt frá einu prestakalli til annars. Einnig er það fyrirsjáanlegt, að eptir því sem lög 27. febr. 1880 öðlast gildi í prestaköllunum, megi búast við mörgum tillögum í þá átt að leysa landssjóð við að vera nokkurs konar millilið, er greiði uppbætur þær, sem heimilaðar eru í nefndum lögum og síðari lögum, er standa í sambandi þar við, og taki á móti árgjöldum. Sömuleiðis mun það opt geta komið fyrir, að hentugt þyki, að gjöra breytingu á skipulagi því, sem einu sinni er á komið. Af öllum þessum ástæðum hefur þótt heppilegast, að ráðgjafinn fengi konungsheimild í eitt skipti fyrir öll til þess framvegis að ráða til lykta uppástungum frá yður í þessu skyni.

Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum mínum í þessa átt, hefur hans hátign konunginum því allramildilegast þóknast 16. þ. m. að veita ráðgjafanum fyrir Ísland konungsheimild til að samþykkja allar framanritaðar tillögur yðar, herra landshöfðingi, snertandi framkvæmd á fyrgreindri ákvörðun í lögum 27. febr. 1880, og til þess sömuleiðis framvegis að ráða til lykta uppástungum frá yður þessu viðvíkjandi.

Þetta tilkynnist yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til leiðbeiningar og frekari birtingar, og skulu hjer með tillögur yðar, 1—7 hjer að framan, þessu samkvæmt samþykktar. Og um leið skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að gjöra þóknanlegar ráðstafanir til að framkvæma þær, og vona jeg að fá frá yður skýrslu um það efni.

Að endingu skal því við bætt, að jeg á sínum tíma vænti að fá nánari þóknanlegar uppástungur yðar um hin önnur prestaköll, þar sem nú eða síðar væri audið og hentugt að framkvæma fyrtjæða lagaákvörðun.

STYRKUR UR LANDSSJÓÐI
samkvæmt fjárlögum til árin 1886 og 1887.

16. gr. 14.

Prestakólakandidat *Hafsteini Pjeturssyni* veittur af ráðgjafanum 400 kr. styrkur til að ljúka guðfræðisnámi við háskólann í Kaupmannahöfn.

KONUNGKJÖRNIR ALÞINGISMENN.

15. apríl þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að kveðja þessa menn til alþingissetu:

Amtmann yfir norður- og austuramtinu *J. Havsteen*, R. af Dbr.
Amtmann yfir suðuramtinu og vesturamtinu, *E. Th. Jónassen*, R. af Dbr.
Landsyfirrjettardómara *L. E. Sveinbjörnsson*.
Landfógeta *Arna Thorsteinsson*, R. af Dbr.
Sóknarprest að Bægisá *Arnþjót Ólafsson*.
Forstjóra gagnfræðaskólans á Möðruvöllum *Jón A. Hjaltalín*.

ENBÆTTASKIPUN.

15. apríl var af konungi samþykkt að sýslumaður *Jóhannes D. Ólafsson* megi halda sýslumannsembættinu í *Skagafjarðarsýslu* og skodast sem eigi skipaður sýslumaður í *Mýra- og Borgarfjarðarsýslu*.

S. d. var sýslumannsembættið í *Mýra- og Borgarfjarðarsýslu* veitt af konungi settum sýslumanni þar, yfirjettarmálsfærslumanni *Sigurði Þórðarsyni*.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Embættið sem hjeradslæknir í 12. læknishjæraði (nokkur hluti Þingeyjarsýslu).
Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi vottorð um, að þeir kunni íslenzku.

Auglýst 14. apríl 1887.

Bónarbrjef eiga að vera komin til ráðgjafans 11. júlí 1887.